

Menntaskólinn í Reykjavík

Haust 2022



**Sjálfsmatsáætlun
Menntaskólans í Reykjavík
2022 - 2023**

Á skólaárinu 2022-2023 verður sjálfsmatið sem fyrr fastur hluti skólastarfsins. Ákveðnir þættir eru teknir fyrir árlega en einnig verður hugað að þáttum sem ekki áður hafa verið skoðaðir. Eins og fram kemur í töflunni hér eru matsþættir ólíkir, nálgun mats er ýmist meðal nemenda, starfsmanna eða gæðastjóra og annarra stjórnenda.

Í vetur verður fræðsla fyrir kennara sem mun fara fram á kennarafundum, t.d. verður fyrirlestur um hinseginleika.

Gæðastjóri hefur umsjón með sjálfsmatinu en það er gert í samvinnu við stjórnenda og verkefnastjóra í málefnum. Sjálfsmatið er þó að mörgu leiti samvinnuverkefni, þar sem aðrir starfsmenn og nemendur stuðla að því að það takist með sem bestu móti.

En jafnframt verða kennarafundir og fagstjórafundir mikilvægir til að umræðu, ásamt því að koma skilaboðum áfram til starfsmanna.

Fyrir neðan má sjá helstu matsþættina:

- **Námsárangur.** Gögnin í þessum matsþætti eru einkunnir nemenda í prófum. Konrektor tekur saman einkunnir nemenda og reiknar út meðaleinkunnir. Niðurstöðurnar eru síðan kynntar á kennarafundi. Námsárangur nemenda veitir ekki einungis nemendum innsýn í þeirra stöðu, þetta eru einnig mikilvæg gögn fyrir skólann að átti sig á hvar má bæta sig.
- **Kennslukönnun meðal nemenda.** Kennslukönnunin fer fram á rafrænan hátt á vormisseri á námsvef skólans, Innu. Nemendur skólans eru ekki skyldaðir til að taka þátt í könnuninni sem mun meta ýmsa þætti, t.d. námsefni, kennslugögn og kennsluhætti. Gögn úr könnuninni eru síðan nýtt í starfsmannasamtölum.
- **Skoðun námsbrautum skóla.** Gæðastjóri tekur að sér að taka út námsbrautir skólans og bera saman við brautir sambærilegra skóla, þ.e.a.s framhaldsskóla sem eru með bekkjakerfi, að hluta eða öllu leiti. Í kjölfarið kynnr hann sínar niðurstöður fyrir stjórnendum.
- **Viðhorfskannanir meðal nemenda.** Viðhorfskannanirnar fara fram á rafrænan hátt á haustmisseri og á vormisseri.

- **Heilsueflandi Framhaldsskóli.** Skólinn tekur þátt í verkefninu og að því kemur nefnd sem skólahjúkrunarfræðingur stýrir. Í þessu heilsueflandi verkefni er sjónum beint að heilsu nemenda með sérstakri áherslu á andlega heilsu. Það verður m.a. stuðst við rafræna viðhorfskönnun til að kanna heilsu nemenda. Í kjölfar öflunar gagna er ætlunin að nýta þau til að gera skólann uppbyggilegri fyrir nemendur.
- **Umhverfisvernd.** Langtíma verkefni skólans er að fá grænfánann. Í vetur hefst sú vinna með því að umhverfisnefnd hefur störf og mun konrektor leiða það starf. Byrjað verður á brýnustu verkefnunum, t.d. að koma fyrir endurvinnslutunnum í allar byggingar. Þetta er verkefni sem mun taka tíma og samvinnu við allt starfsfólk.
- **Skólanefnd.** Nefnd þessi hittist á tveggja vikna fresti og í henni sitja fulltrúar nemenda, kennara og stjórnenda. Í vetur er ætlunin að þessi nefnd geti verið lýðræðislegur vettvangur fyrir þessa aðila að ræða ýmis mál og þá sérstaklega að fulltrúar nemenda geti komið á framfæri sjónarmiðum sínum.
- **Meningarsköpun.** Það hafa orðið margar jákvæðar breytingar í gegnum árin í skólanum. Þó má alltaf bæta um betur. Með því einblína á afmarkaða þætti, þá er t.d. kurteisi í samskiptum nemenda og kennara og almennt milli nemenda. Hérna yrði markvisst unnið með duldu námsskrána. Gæðanefnd myndi gefa út verkefni fyrir bæði nemendur og kennara til að byggja ákveðnar venjur.
- **Rafrænt námsmat.** Skoðað verður hvernig skólinn er að nýta rafrænt námsmat. Einnig verður hugað því hvernig aðrir skóla eru að notast við slíkt mat. Reynt verður að leggja mat á hvort að aukið rafrænt mat myndi auka eða minnka álag á nemendur og kennara. Einnig er brýnt að eiga þá umræðu (hugsanlega á kennarafundi) hvort slíkt námsmat standist kröfur skólans. Í kjölfarið verður dreginn ályktun um hvort þörf sé á því að skólinn móti sér stefnu um rafrænt námsmat.

Sjálfsmatsáætlun 2022-2023

	Lagt fyrir	Skoðun á	Framkvæmd í höndum	Gagnaöflun	Úrvinnsla	Niðurstöður	Hve oft framkvæmt
Námsárangur	Allir nemendur skólans	Einkunnir skoðaðar og meðaltöl reiknuð	Konrektor	Próf nemenda	Konrektor	Rætt í deildum og á kennarafundi	Á haust- og vormisseri
Kennslukönnun meðal nemenda	Allir nemendur skólans	Námsefni, kennsluhættir, mat á gæðum kennslunnar	Gæðanefnd	Rafræn könnun á námsneti	Rektor/konrektor	Ræddar í viðtali við rektor/konrektor	Á vormisseri
Brautir skólans		Brautum skólans	Gæðastjóra	Úttekt á brautum öðrum sambærilegum skólum	Stjórnendur	Rætt á kennarafundi	Á vormisseri
Skólanefnd	Alla sem sitja í nefndinni	Líðan starfsmanna, hvað má betur fara í skólastarfinu, líða nemenda	Stjórnendur	Samtöl	Stjórnendur	Rektor kynnir helstu niðurstöður og setur fram tillögur að úrbótum gerist þess þörf	Á vormisseri
Verkefnaferlar		Ýmsum verkefnum innan skólans	Gæðastjóra og verkefnastjóra	Eyðublað	Stjórnendur	Rætt við stjórnendur	Á haust-og vormisseri

Líðan nemenda	Allir nemendur skólans	Líðan nemenda.	Gæðanefnd	Rafræn könnun á Innu	Gæðanefnd	Gæðastjóri vinnur skýrslu	Á haustmisseri og vormisseri
Heilsueflandi Framhaldsskóli	Nemendur	Almennri heilsu nemenda, með stérstakri áherslu á andlega heilsu.	Hjúkrunarfræðingur	Rafræn könnun á Innu, ásamt öðrum rannsóknum.	Hjúkrunarfræðingur	Kynnt rektor og öðrum stjórnendum. Hugsanlega verða nefndir skipaðar í kjölfarið.	Á vor- og haustmisseri
Rafrænt námsmat	Kennarar	Almenn athugun á námsmati.	Gæðastjóri og Gæðanefnd	Skoða hvernig þessi þættir eru innan skólans, ásamt því að skoða aðra skóla.	Gæðanefnd	Gæðanefnd fundar um málið, svo rætt á kennarafundum.	Á vormisseri
Umhverfisvernd	Nemendur og kennarar	Hvernig skólinn getur orðið vistvænni.	Konrektor	Þættir eru hluti af grænu skrefunum.	Konrektor	Konrektor og umhverfisnefnd fundar um málið, svo rætt við rektor, síðar kennarafundi.	Á haust og vormisseri
Menningarssköpun	Nemendur og kennarar	Þættir sem skapa jákvæða menningu inna skólans.	Gæðanefnd	Skoðað hvernig aðrir skóla og stofnanir haga slíkum málum.	Gæðanefnd	Gæðanefnd fundar um málið, svo rætt á kennarafundum.	Á vormisseri og haustmisseri